

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands  
á fiskiskipum nr. 338/1978.****1. gr.**

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 3 500.00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 350.00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 6 200.00 á rúmlest.

**2. gr.**

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 050 þúsund vegna eins skips.

**3. gr.**

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 112.00 á rúmlest af tréskipum og kr. 56.00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 16 750.00 af einu skipi.

**4. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 12. janúar 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

**GJALDSKRÁ****fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.****1. gr.**

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti kr. 4.00.
2. taxti kr. 25.00.

**2. gr.**

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur, sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöföldunar einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.